

Útdráttur

Í þessu verkefni er fjallað um sprotaverkefnið Glæði, sem framleiðir gróðuráburð úr fersku þangi. Markmið verkefnisins var að finna út hvort grundvöllur væri fyrir áframhaldi á framleiðslu og þá með hvaða aðgerðum áburðurinn gæti skilað það miklum tekjum að hann stæði undir einu ársverki.

Rannsóknarspurningar voru:

- √ Er fjárhagslegur grundvöllur fyrir Glæði til að dafna og verða að fyrirtæki sem skilar hagnaði?
- √ Með hvaða aðferðum getur Glæðir náð því markmiði sínu að standa undir einu ársverki?

Í upphafi er saga Glæðis, tilurð og markmið rakin. Gerð var SVÓT greining og tilgreind sérstaða áburðarins. Markaðurinn sem Glæðir vinnur á var greindur og gerð áætlun um markaðsstærð.

Í kostnaðargreiningu var kostnaður við framleiðsluna greindur og fundinn núllpunktur. Tímaáætlun framleiðslunnar og markaðsaðgerða sett fram svo og rekstraráætlun.

Rekstraráætlun sýnir fram á hagnað strax í upphafi og miðað við áætlun um framleiðslu og sölu næstu 10 ára mun Glæðir geta skilað hagnaði sem stendur meðal annars undir víðtækum markaðsaðgerðum.

Lykilorð:

- √ Viðskiptaáætlun
- √ Rekstraráætlun
- √ Gróðuráburður
- √ Þang
- √ Markaðsgreining